

138. fundur

138. fundur í stjórn starfsmenntunarsjóðs starfsmanna stofnana Alþingis var haldinn þriðjudaginn 2. desember 2025. Fundurinn var haldinn í Grjótnesi og hófst kl. 8:30. Mætt voru á fundinn Árni Davíð Magnússon, Svana Ingibergsdóttir, Ása Hulda Oddsdóttir, Hildur Árnadóttir og Gunnar Trausti Eyjólfsson.

Fyrir fundinum lá tillaga um að hækka starfsmenntunarstyrk vegna hópferðar erlendis úr 120.000 kr. í 140.000 kr., þó þannig að hámarksnámsstyrkur sé áfram kr. 560.000 á tveimur árum. Tillagan var samþykkt samhljóða og mun breytingin taka gildi þá þegar. Ákvæði 5. gr. starfsreglna sjóðsins verður því svohljóðandi:

“Hámarksfjárhæðir styrkja. Sjóðsstjórn ákveður hámarksfjárhæð styrkja á hverjum tíma. Hámarksnámsstyrkur er 560.000 kr. á tveimur árum. Þar af má nýta 140.000 kr. vegna hópferða. Sjóðurinn greiðir fyrir flugfargjöld, hótél- og gistikostnað og námskeiðs- og ráðstefnugjöld. Hámarksstyrkur fyrir tómstundanámskeið er 70.000 kr. á ári. Ekki eru greiddir hærri styrkir en sem nemur framlögðum reikningum.”

Árna Davíð var falið að sjá um að tilkynna breytinguna og birta uppfærðar reglur á heimasíðu sjóðsins.

Fyrir fundinum lágu 15 umsóknir, þar af voru 3 um starfsmenntunarstyrk og 12 um tómstundastyrk.

Alls var samþykkt að greiða úr sjóðnum við úthlutun á 138. fundi:

- 753.907 kr. samtals, þar af:
 - o 321.517 kr. í starfsmenntunarstyrki
 - o 432.390 kr. í tómstundastyrki

Tveimur umsóknum var hafnað og ein umsókn var samþykkt með fyrirvara að kvittun myndi berast.

Fundi slitið kl. 10:15.